

LÖGMANNABLAÐIÐ

2. árg.

September

4 / 1996

Frumvarp til innheimtulaga

Af Merði lögmanni

Tafabætur í verksamningum

Lögmannavaktin í Reykjavík

Framhaldsnám í Danmörku

Alþingistíðindin á Internetinu

Heimasíður á Interneti

Námskeið á vegum fræðslunefndar haustið 1996

Golf: Minningarmót um Guðmund Markússon, hrl.

Útgefandi:

Lögmannafélag Íslands

Ritstjóri og ábyrgðarmaður:

Marteinn Másson

Ritnefnd:

Árni Vilhjálmsson, hrl.
Ástráður Haraldsson, hrl.
Björn L. Bergsson, hdl.
Jón G. Briem, hrl.
Sif Konráðsdóttir, hdl.

*Frumvarp til
innheimtulaga*

—
Bls. 3

*Tafabætur í
verksamningum*

—
Bls. 6


*Námskeið
L.M.F.Í.
haustið 1996*

—
Bls. 13-22

LÖGMENN

Vandaðar þýðingar krefjast sérþekkingar

Ég þýði nær eingöngu nytjatekta á ensku, einkum lagatexta og texta um efnahags- og fjármál og sjávarútveg, enda hef ég margra ára reynslu sem atvinnuþýðandi á þessum sviðum bæði innanlands og utan. Til að tryggja samræmi og gæði í þýðingum mínum nota ég sérhæfðan íðorðagagnagrunn, sem er tengdur þýðingarminni í tölvunni. Þetta þýðir að lykilorð og mikilvægar setningarliðir eru alltaf þýdd á sama veg, og kemur



þannig í veg fyrir misskilning eða rugling á hugtökum. Auk þess eru allar þýðingar á mínum vegum yfirlesnar af öðrum aðila til að tryggja nákvæmni og vandvirkni.

Ég þýði **ekki** alla texta, eingöngu þá sem ég hef vit á og tel mig geta þýtt sérstaklega vel, og legg áherslu á vandaða vinnu, sérþekkingu á hugtökum og rétt málsnið.

Keneva Kunz, PhD

löggitur þýðandi og túlkur

Sólvallagötu 49 • 101 Reykjavík • Sími: 562 7504 • Bréfasími 562 7506 • Tölvupóstfang: keneva@itn.is
Member: ITI (UK) • FIT (Féd. Intl. d. Traducteurs)

AÐFARARGERÐIR

eftir Markús Sigurbjörnsson, hæstaréttardómara

Fæst hjá Bóksölu stúdenta og á skrifstofu L.M.F.Í.

— o o o —

Aðrar bækur útgefnar af Námssjóði L.M.F.Í.:

Dómar um bótaábyrgð hins opinbera 1920-1984

Dómar í félagarétti 1968-1988

Dómar í sjóréttarmálum 1965-1982

Dómar um veðréttindi 1920-1988

Dómar í skaðabótamálum 1979-1988

Dómar í skaðabótamálum 1973-1978

Dómar um almennt einkamálaréttarfar

Námssjóður Lögmannafélags Íslands

Frumvarp til innheimtulaga!

Á vegum viðskiptaráðuneytisins voru nýlega samin drög að frumvarpi til innheimtulaga, sem send voru félaginu til umsagnar í sumar. Laganefnd L.M.F.Í. fór yfir drögin og samdi umsögn, sem send var ráðuneytinu 27. ágúst síðast liðinn. Margir lögmen hafa haft samband við skrifstofu félagsins og leitað upplýsinga um afstöðu þess til frumvarpsdraganna. Af því tilefni þykir rétt að gera hér örlitla grein fyrir efni frumvarpsdraganna (hér eftir nefnt frumvarpið til hægðarauka) og athugasemdum laganefndarinnar.

Kaflaskipting frumvarpsins

Frumvarpið skiptist í sex kafla. Í fyrsta kafla er fjallað um gildissvið og frávikjanleg ákvæði. Annar kafla geymir ákvæði um samband innheimtuaðila og skuldara og er þar meðal annars fjallað um góða inn-

heimtuhætti, innheimtuviðvörðun og greiðsluútrekun og fresti í því sambandi. Ákvæði um samband innheimtuaðila og kröfuhafa er að finna í þriðja kafla, m.a. um upplýsingaskyldu innheimtuaðila og meðferð innheimtufjár. Í fjórða kafla er fjallað um greiðsluskyldu skuldara og hámarksfjárhæð kostnaðar, í reglugerð sem ráðherra settur. Í fimmta og sjötta kafla eru ýmis ákvæði, m.a. um eftirlit með framkvæmd laganna, refsingar og gildistöku.

Markmið með innheimtulögum

Í athugasemdum með frumvarpinu er lýst markmiðinu með setningu innheimtulaga, sem er að setja ákveðnar meginreglur um innheimtu til hagsbóta fyrir neytendur (eins og það er orðað í athugasemdunum), m.a. ákvæði um góða innheimtuhætti, innheimtuviðvörðun og greiðsluútrekun og skapa grundvöll fyrir því að draga úr óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða, t.d. með því að takmarka í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt sé að krefja skuldara um.

Norsk fyrirmynd

Frumvarpið er að ýmsu leyti þýðing á norskum lögum um innheimtustarfsemi (lov om inkassovirksomhet og annen inndrivning av forfalte pengekrav) en frá þeim er vikið að sumu leyti. Til dæmis voru ekki tekin í frumvarpið ákvæði um leyfi til að stunda innheimtustarfsemi, en skv. norskunum eru sett ákveðin skilyrði fyrir því að mega stunda innheimtustarfsemi, m.a. um þriggja ára starfsreynslu, hreina sakaskrá og starfsábyrgðartryggingu.

Um nokkur ákvæði frumvarpsins

Um efni einstakra ákvæða frum-

varpsins má m.a. nefna eftirfarandi: Samkvæmt 1. gr. frumvarpsins næðu lögin til innheimtu hvers konar gjaldfallinna krafna um greiðslu peninga. Undanskilið væru innheimtuaðgerðir á grundvelli réttarfarislaganna. Í 5. gr. er gert ráð fyrir að innheimtuaðili eða kröfuhafi sendi skuldara skriflega innheimtuviðvörðun, eftir gjalddaga kröfunnar, með sjö daga fresti til að greiða, ella verði krafan innheimt. Þá er gert ráð fyrir að krafan teljist innheimt ef greiðslufyrirmæli hafa borist banka, sparisjóði eða pósthúsi áður en fresturinn er liðinn. Greiði skuldari kröfuna innan frestsins er ekki hægt að krefja hann um þann kostnað, sem þá er fallinn á málið, sbr. 2. mgr. 11. gr. frumvarpsins. Greiðist krafan ekki innan sjö daga frestsins skv. 5. gr. skal innheimtuaðili senda skriflega ítrekun þess efnis að greiða skuli kröfuna eða hreyfa mótbárum við henni innan sjö daga, sbr. 1. mgr. 6. gr. Ef hætta er á að möguleikum á fullnustu kröfu verði spillt má víkja frá þessum ákvæðum 5. og 6. gr., sbr. 7. gr. frumvarpsins. Í 12. gr. frumvarpsins er kveðið á um að ráðherra ákveði í reglugerð hámarksfjárhæð innheimtukostnaðar, m.a. þóknunar, sem heimilt sé að krefja skuldara um samkvæmt lögnum. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að samkeppnisyfirvöld hafi eftirlit með framkvæmd laganna.

Umsögn laganefndar

Eins og fyrir greinir fór laganefnd L.M.F.Í. yfir frumvarpið að beiðni stjórnar félagsins og samdi allítarlega umsögn um það. Hér skal getið helstu atriða úr umsögninni.

1. Laganefnd taldi það verulegan galla á frumvarpinu að í því væru allar kröfur settar undir einn hatt. Gilti þá einu hvort um væri að ræða gjaldfallnar viðskiptabréfakröfur, kröfur vegna sölu á vörum eða þjónustu, launakröfur, kröfur,

Lögmannafélag Íslands

Alftamýri 9, 108 Reykjavík
sími (telephone): 568-5620
bréfasími (telefax): 568-7057
tölvupóstur (E-mail): lmf@tv.is

Stjórn L.M.F.Í.

Þórunn Guðmundsdóttir, hrl.,
formaður
Sigurmar K. Albertsson, hrl.,
varaformaður
Jakob R. Möller, hrl.,
ritari
Kristín Briem, hdl.,
gjaldkeri
Hreinn Loftsson, hrl.,
meðstjórnandi

Starfsfólk L.M.F.Í.

Marteinn Másson,
framkvæmdastjóri
Hildur Pálmadóttir, ritari

Blaðið er sent öllum félagsmönnum.

Ársáskrift fyrir utanfélagsmenn:
kr. 1.500 + vsk.

Verð pr. tölublað kr. 300 + vsk.

Prentun: Borgarprent h.f.

Umsjón auglýsinga:
Öflun ehf., sími 561-4440

sem stofnast hafa t.d. við umferðarslys o.s.frv. Þetta hefði m.a. þá þýðingu að ekki skipti máli hvers eðlis krafan væri, það væri ekki hægt að krefja skuldara um óhjákvæmilegan kostnað sem hlytist af innheimtustörfum skv. 5. gr. frumvarpsins. Sem dæmi var nefnt að TP yrði fyrir líkamstjóni í umferðarslysi og ætti bótarétt gagnvart tryggingafélagi. Hann leitaði ráðgjafar um réttarstöðu sína og aðstoðar við mótun kröfugerðar, með tilheyrandi gagnaöflun. Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins yrði innheimtudaðili að senda innheimtuviaðvörum til tryggingafélagsins en gæti ekki krafðið um greiðslu kostnaðar vegna undirbúnings kröfugerðarinnar ef tryggingafélagið ákvæði að greiða kröfuna innan þess frests, sem getið er í 5. gr. Kostnaðurinn lenti því óhjákvæmilega á kröfuhafanum, tjónpolanum. Laganevnd taldi þessa niðurstöðu afar óeðlilega, svo ekki væri fastar að orði kveðið. Hún bryti gegn þeirri meginreglu skaðabótaréttar, að sá sem yrði fyrir fjárhagstjóni sem annar bæri ábyrgð á, ætti rétt á því að fá fjárhagstjón sitt bætt úr hendi tjónvalds, þ.m.t. þann kostnað sem hlytist af því að færa sönnur á tjónið.

Laganevnd taldi svipuð sjónarmið eiga við um fleiri tegundir krafna, svo sem launakröfur, þ.e. þegar launþegi leitaði eftir ráðgjöf um réttarstöðu sína og aðstoð við innheimtu launakröfunnar. Kostnaðinn neyddist hann til að bera sjálfur ef krafan fengist greidd hjá atvinnurekandanum meðan hún væri enn á því stigi sem fjallað væri um í 5. gr.

2. Laganevnd taldi það skjóta skökku við að ríkisvaldið skyldi ætla að reyna að draga úr meintum óeðlilegum kostnaði skuldara vegna innheimtuaðgerða þegar ríkisvaldið sjálft innheimti hundruð milljóna króna hjá skuldurum í ýmis konar gjöld og skatta vegna reksturs innheimtumála. Nefnt var sem dæmi þessu til stuðnings að embætti Sýslumannsins í Reykjavík

innheimti 170 milljónir króna með aðfarargjöldum og nauðungarsólgjöldum á árinu 1995. Rekstrar-kostnaður embættisins nam á sama tíma 130 milljónum króna. Ekki eru þá taldar með innheimtur ríkisins með öðrum gjöldum og 24,5% virðisaukaskatti af þjónustu innheimtuaðila.

Laganevnd taldi þessa niðurstöðu afar óeðlilega ...

3. Laganevnd taldi það vera sérstaklega athyglisvert, með hliðsjón af markmiði frumvarpsins, að sleppt skyldi 2. kafla norsku laganna um innheimtustarfsemi, þar sem fjallað er um skilyrði þess að mega stunda innheimtustarfsemi. Sýndist laganevnd það skjóta skökku við að ætla sér að vernda hagsmunum skuldara en gera engar kröfur til þeirra, sem stunda innheimtustörf í atvinnuskyni. Bent var á, í því sambandi, störf lögmannna að þessu leyti og þær kröfur, sem gerðar væru til þeirra, svo

sem um starfsábyrgðartryggingar, fjárvörslureikninga o.s.frv., svo og að þeir lytu eftirlits- og agavaldi stjórnar L.M.F.Í.

4. Sú gagnrýni var sett fram í umsögninni að frumvarpið markaðist um of af því að í greinargerð með einstökum ákvæðum þess væru útskýrð atriði, sem frekar ættu heima í lagatextanum sjálfum. Vilji löggjafans ætti að vera skýr og gera yrði þá kröfu að hann birtist eins og kostur væri í lagaákvæðunum sjálfum en ekki með löngum og flóknum útskýringum í greinargerð.

5. Auk þessara athugasemda gerði nefndin athugasemdir við einstaka greinar frumvarpsins en of langt mál yrði að rekja þær allar hér.

Laganevndin taldi veigamikla annmarka vera á frumvarpinu og að það virtist samið um markmið, sem að ýmsu leyti væru óljós eða óskilgreind. Lagði nefndin gegn frumvarpinu eins og það lítur nú út.

MM

Útleiga á fundarsal

Lögmenn geta fengið leigðan fundarsal á jarðhæð í húsnæði félagsins fyrir t.d. skiptafundi, gerðardómsmál o.fl.

Salurinn rúmar u.þ.b. 20-25 manns ef setið er við borð en annars eru sæti fyrir um 35-40 manns.

Leiguverðið er 2.000 krónur fyrir klukkustundina auk virðisaukaskatts.

Innifalið er kaffi.

Tekið er við pöntunum á skrifstofu L.M.F.Í. í síma 568-5620.

Af Merði lögmanni

Þegar Mördur var nýbúinn að opna stofuna var hann með allar klær úti til að afla sér verkefna. Hann lét m.a. skrá sig á bakvaktalistann hjá Lögmannafélaginu. Svo kom að því að Mördur var á vakt. Hann fékk afhentan símboða, þannig að hægt yrði að ná í hann hvenær sem var. Mördur fann nokkuð til sín þegar hann fór um með símboðann í beltinu. "Vegfarendur halda áreiðanlega að ég sé heilaskurðlæknir á bakvakt, bíðandi eftir boðum um að bjarga mannslífum með hetjudáðum við skurðarborðið", hugsaði hann. Hann vonaði að símboðinn myndi hringja þegar hann væri í föstudagsbíðröðinni í Hagkaupum. Það gerðist auðvitað ekki, en loks var hann boðaður upp í Síðumúlafangelsi til að taka að sér réttargæslu fyrir mann. Sá hafði verið handtekinn á Keflavíkurlflugvelli daginn áður, á leið úr landi með um tvær milljónir króna í erlendum gjaldeyri. Maðurinn var grunaður um að ætla að nota peningana til fikniefnakaupa. Maðurinn hélt því hins vegar fram að hann væri að kaupa inn fyrir antikverslun, sem hann ætlaði að opna á Skólavörðuholtinu. Til þess að kaupa muni á antikmörkuðum erlendis þyrfti hann reiðufé. Hann hafnaði réttargæslumanni við handtökuna, saklaus maður þyrfti ekki á lögfræðingi að halda. Eftir eina nótt í steininum hóf hann að játa og páði þá boð um réttargæslumann.

Þegar Mördur fékk boðin um að mæta upp í Síðumúlafangelsi hringdi hann í ofboði í reyndan lögmann á sviði opinberra mála og spurði hann hvað hann ætti eiginlega að gera. Sá sagði honum að segja skjólstæðingnum að játa allt saman og síðan myndi hann, Mördur, sjá um hitt. Merði leist illa á það ráð, minnugur reglunnar um að menn væru saklausir þar til sekt þeirra væri sönnuð og allt það. Vopnaður sérprentun af hegningarlögunum og lögunum um meðferð opinberra mála hélt Mördur upp í Síðumúlafangelsi. Þegar Merði var vísað inn í klefann til skjólstæðingsins sagði hann honum umbúðalaust: „Hafðu engar áhyggjur, ég mun fá þig sýknaðan“. Mördur taldi nauðsynlegt að byggja upp sjálfstraust hins handtekna og ekki síður traust hans á sér. Skjólstæðingurinn starði á hann stórum augum. Í ljós kom að eftir eina nótt í steininum hafði sá grunaði verið reiðubúinn til að játa hvað eina, bara til að losna úr þrúundinni. Þannig hafði hann ekki einungis játað á sig

skipulagðan fikniefnainnflutning, heldur einnig byggingu píramídanna, ritun Njálssögu og öll óupplýst bankarán síðustu ára. RLR og fikniefnalögreglan höfðu kallað út aukavaktir til að skrá allar játningsögurnar. Það eina sem skjólstæðingurinn sagði við Mördur var að hann vantaði hrein nærföt og tannbursta. Nú voru góð ráð dýr. Hjá Merði tók við mikil vinna við að vinda ofan af öllu því, sem skjólstæðingur hans hafði sagt.


Nokkrum dögum seinna, þegar búið var að fá botn í sögu skjólstæðingsins, jú peningarnir voru ætlaðir til fikniefnakaupa og hann hafði sjálfur og einn staðið að þessu, var Mördur staddur hjá skjólstæðingnum í vistlegum klefa hans í Síðumúlafangelsi. Skjólstæðingurinn var meyr, móðir hans átti afmæli þennan dag og hann hafði að sjálfsögðu ekki komist í veisluna. Þá spurði hann Mördur hvort hann gæti treyst honum, treyst á þagmælsku hans. Mördur hélt nú það, lögmann væru lögum samkvæmt bundnir þagnarskyldu. Skjólstæðingurinn sagðist þá vilja létta á hjarta sínu, hann vildi að Mördur vissi hið sanna í málinu. Hann hefði í raun verið á leiðinni til útlanda til að kaupa muni í væntanlega antikbúð. Búðin væri hins vegar aðeins ætluð til að fela umfangsmikla undirheimastarfsemi, peningaþvott o.þ.h., fyrir erlendan fikniefnahring, Candellín-hringinn í Columbíu. Skjólstæðingurinn sagði að hann færi frekar á framfæri Fangelsismálastofnunar í nokkur misseri en að upplýsa hverjir stæðu á bak við hann. Merði brá mikið við þessi tíðindi. Þegar hann kom á skrifstofuna flýtti hann sér að hringja í gamalreynda lögmanninn. Ætti hann, Mördur, ekki að segja yfirvöldum frá því að Candellín-hringurinn væri að hreiðra um sig á Íslandi? Gamalreyndi lögmaðurinn bað hann í öllum guðanna bænum að láta slíkt vera. Þagnarskylda sú, sem lögð væri á lögmann í 1. gr. laganna um málflytjendur, fæli ekki í sér einhver starfsréttindi lögmanna, heldur væri um réttindi borgaranna að ræða. Það væru mannréttindi að geta játað fyrir lögmanninum sínum og ráðfært sig við hann án þess að eiga það á hættu að lögmaðurinn færi að kjafta frá. Mördur féllst á þessi rök. Hann hugsaði reyndar með sér að kannski væri eitthvað meira í þessum mannréttindum, en hann hélt. Hann hafði alltaf flokkað mannréttindi með fótanuddtækjum, allir vilja eiga þau, en engin notar þau.

Tafabætur í verksamningum

Tafabætur (dagsektir, févítí) í verksamningum hafa mikið verið til umræðu að undanfögnu og talsvert borið á því, í umfjöllun um dóm Hæstaréttar í svokölluðu Kleppsvegarmáli, að margir virðast hafa misskilið og mistúlkað niðurstöðu dómsins.

Þetta dómsmál var að mörgu leyti mjög athyglisvert, en þó einkum af tveimur ástæðum. Í fyrsta lagi var tekin afstaða til réttarstöðu verktaka og verkkaupa við uppgjör vegna magnaukningar í verkinu og í öðru lagi var tekin afstaða til réttar verkkaupa til greiðslu tafabóta, en það er sá þáttur málsins, sem hér verður tekinn til umfjöllunar vegna þess misskilnings, sem virðist vera orðinn útbreiddur um gildandi rétt um tafabætur.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur, frá 3. febrúar 1993, í máli, sem Verk hf. höfðaði gegn Húsfélagunum Kleppsvegi 136, 138 og 140 í Reykjavík, vakti óneitanlega mikla athygli á sviði verktakaréttar. Héraðsdómur, sem skipaður var embættisdómara auk tveggja sérfróðra meðdómenda, komst að þeirri niðurstöðu að sýkna bæri húsfélögin af kröfu verktakans um greiðslu, sem krafist var vegna mikillar magnaukningar í verkinu. Töldu menn þá að með þessum dómi væri til orðin ný regla í verktakarétti. Þessi regla gerði réttarstöðu aðila í verkum, þar sem samið væri um uppgjör verka á grundvelli einingarverða, aðra en þá, sem unnið hefði verið eftir um langt skeið. Samtök iðnaðarins sáu ástæðu til að gefa út sérstaka tilkynningu til félagsmanna sinna varðandi þessa nýju túlkun. Í þessu sama máli var af hálfu stefndu gerð gagnkrafa um tafabætur vegna meints dráttar á verklokum af hálfu verktakans. Vegna þeirrar niðurstöðu dómsins að sýkna stefndu var ekki í héraðs-



Porvaldur Jóhannesson, bdl.

dóminum tekin efnisleg afstaða til gagnkröfunnar um tafabætur.

Stefnandi áfrýjaði málinu og var niðurstöðu Hæstaréttar eðlilega beðið með mikilli eftirvæntingu, þar sem niðurstaða héraðsdóms þótti nokkuð sérstök.

Með þessari niðurstöðu Hæstaréttar var nú aftur komið á jafnvægi ...

Hæstiréttur kvað upp dóm sinn 2. mars 1995. Rétturinn komst að annarri niðurstöðu en héraðsdómur og taldi að stefndu bæri að greiða áfrýjanda að verulegu leyti kröfur hans vegna magnaukningar í verkinu. Með þessari niðurstöðu Hæstaréttar var nú aftur komið á jafnvægi og búið að skerpa þær reglur verktakaréttar, er lúta að magnaukningu í verkum og uppgjöri vegna þess. Hæstiréttur tók hins vegar í dómi sínum efnislega afstöðu til gagnkröfu stefndu (húsfélaganna), um greiðslu á tafabótum vegna dráttar á skilum verksins. Niðurstaðan varð sú að krafa stefndu um greiðslu tafabóta var ekki tekin til greina. Var það sama niðurstaða og fram hafði komið hjá dómkvöldum matsmönnum í matsgerð sem lögð var fram í Hæstarétti. Dómurinn virðist í þessu efni byggja á niðurstöðu matsgerðar hinna dómkvöddu

matsmanna. Í forsendum dómsins segir m.a.:

„Áður er lýst drætti, er varð í uppbafi verksins af hálfu Verks hf. Sá dráttur er þó ekki verulegur í samanburði við tafir, sem urðu af ástæðum sem Verk hf. bar ekki ábyrgð á. Seinkunin á verkinu leiddi ekki til þess að verkið yrði dýrara fyrir stefnda, þar sem verklaunin réðust af einingafföldu. Þegar litið er til þessa og þess jafnframt gætt, að stefndu bafa ekki sýnt fram á að þeir hafi að öðru leyti orðið fyrir tjóni vegna dráttarins, sem rekja megi til Verks hf., þykir ekki vera grundvöllur til að beita dagsektum.“

Um leið og þessi niðurstaða lá fyrir var fjallað um hana í fréttum og fjölmiðlamenn lögðu strax fram þá túlkun dómsins að nú stöðaði ekki lengur fyrir verkkaupa að setja fram kröfur um greiðslu dagsekta eða tafabóta skv. ákvæðum í verksamningum nema að geta sannað tjón sitt. Skilja mátti þessa framsetningu fjölmiðla svo, að nú væri Hæstiréttur búinn með dómi sínum að setja nýja reglu um tafabætur á sviði verktakaréttar. Máttur fjölmiðla varð reyndar svo mikill að þessari kenningu var síðan haldið fram af mörgum lögmönnum og jafnvel dómurum í héraði, undir meðferð mála, þar sem tafabætur voru meðal krafna. Þetta hafði jafnframt þau áhrif, að þeir, sem hagsmuna áttu að gæta sem aðilar verksamninga, töldu réttarstöðu sína byggjast á öðrum grundvelli en áður var. Þessi mistúlkun á dómi Hæstaréttar hefur vafalaust markað afstöðu manna í samningum og uppgjöri verka og hugsanlega valdið tjóni. Ég er ekki grunlaus um að einhverjir kunni af þeim sökum að hafa fallið frá réttmætum kröfum sínum um tafabætur í uppgjöri verka.

Í grein, sem lögmaður ritaði í útbreitt fag tímarit, er sá skilningur lagður í þennan dóm Hæstaréttar, að ekki eigi að greiða dagsektir nema verkið verði dýrara vegna tafa, sem rekja má til verktaka og einnig verði verkkaupi að sýna fram á að hann hafi orðið fyrir tjóni.

Þessi boðskapur verður varla skilinn á annan hátt en þann, að Hæstiréttur hafi með þessum dómi sínum mótað nýja reglu um samningsbundnar tafabætur í verktakarétti. Þessi misskilningur er hinn sami og fram kom í fjölmiðlum strax eftir uppkvaðningu dómsins og virðist nú vera orðinn útbreiddur.

Með niðurstöðu Hæstaréttar í þessu máli verður að telja fram komna fulla staðfestingu þess að um mistúlkun var að ræða ...

Um samningsbundnar tafabætur í verksamningum hefur um langt skeið verið í gildi sú regla að verkkaupi eigi rétt til greiðslu tafabóta samkvæmt ákvæðum samnings vegna þess dráttar, sem sannanlega verður á verkinu og verktaka verður um kennt. Verkkaupi hefur í þessu sambandi, samkvæmt þessari sömu reglu, ekki þurft að sanna tjón sitt, enda um að ræða bætur innan samninga og þannig um þær samið. Þetta er að sjálfsögðu frábrugðið því sem gildir í almennum bótarétti. Þessi sama regla, um samningsbundnar tafabætur, hefur lengi verið gildandi réttur í verktakarétti hér á landi og í nágrennandi löndum okkar og víðar, og speglast hún m.a. í ákvæðum íslensks staðals, ÍST-30.

Fullvíst verður að telja að hafi Hæstiréttur ætlað að breyta gildandi rétti á þessu sviði hefði það birst í forsendum dómsins með skýrum og mjög afdráttarlausum hætti. Í forsendum dómsins er út



Dráttur á afhendingu verks getur leitt til vanefndaúrræða verkkaupa, þ. á m. tafabóta (févítis, dagsekta).

frá því gengið, að verkkaupi eigi ekki rétt á tafabótum vegna þess, að sá dráttur, sem varð í verkinu, verði ekki að neinu marki rakinn til atvika, sem verktakinn bar ábyrgð á. Af þeirri ástæðu sé ekki rétt að beita ákvæðum samnings um tafabætur, þó svo að rétturinn líti jafnframt til þess að verkkaupi hafi ekki sýnt fram á að tjón hafi orðið vegna dráttarins, sem verktakinn beri ábyrgð á.

Eftir að þessi dómur Hæstaréttar var kveðinn upp hefur héraðsdómur dæmt tafabætur án kröfu til sönnunar tjóns í a.m.k. tveimur málum, sem mér er kunnugt um.

Þá hefur Hæstiréttur eftir þetta, með dómi sínum frá 5. október 1995, í málinu nr. 418/1993, dæmt verkkaupa tafabætur í fullu samræmi við þá reglu sem hefur verið í gildi um áratuga skeið. Um tafabætur segir í forsendum dómsins:

„Eftir verksamningi bar áfrýjanda að ljúka verki sínu eigi síðar en 15. september 1990. Leggja verður til grundvallar, að nokkrar tafir hafi orðið á verkinu vegna þeirrar ákvörðunar stefndu að

stækka svalir bússins og vinnu við endurgerð trappa. Stefndu bera áhættu af töfum, sem rekja má til þess. Þykir bæfileg framhenging verktíma af þessum sökum vera 15 dagar. Ekki er fyllilega ljóst hvenær áfrýjandi lauk vinnu við verkið, en fallast má á með héraðsdómi, að stefndu eigi ekki rétt til greiðslu á févítí lengur en til 14. nóvember 1990. Samkvæmt því er áfrýjanda skylt að inna af bændi févítí samkvæmt 9. gr. verksamnings vegna tímabilsins frá 1. október til 14. nóvember 1990 eða 3.000 krónur á dag í 45 daga, þ.e. 135.000 krónur.“

Með niðurstöðu Hæstaréttar í þessu máli verður að telja fram komna fulla staðfestingu þess að um mistúlkun var að ræða á dómi Hæstaréttar í Kleppsvegarmálinu frá því um hálfu ári áður og sú regla um samningsbundnar tafabætur, sem um áratuga skeið hefur verið gildandi réttur á sviði verktakaréttar, hafi ekki tekið neinum þeim breytingum, sem m.a. fjölmiðlar og margir sérfræðingar hafa haldið fram.

Lögmannavaktin í Reykjavík

Nú eru liðin um tvö og hálf tveggja ár síðan Lögmannavaktin hóf starfsemi sína á vegum L.M.F.Í., en á henni getur almenn- ingur fengið endurgjaldslausla lögfræðiráðgjöf hjá starfandi héraðs- dóms- eða hæstaréttarlögmanni. Lögmannavaktin var fyrst í stað starfrækt í húsnæði Héraðsdóms Reykjavíkur, en haustið 1995 var starfsemin flutt í húsnæði félagsins í Álfmáryri 9.

Reynslan af þessari starfsemi hefur verið mjög góð og hafa fjölmargir einstaklingar fengið tækifæri til að leita ráða hjá starfandi lögmonnum um hin margvíslegustu lögfræðilegu álitæfni. Þjónustan, sem veitt er á vaktinni, er eingöngu munnleg ráðgjöf. Þannig reka þeir lögmennt, sem eru á vaktinni hverju sinni, ekki erindi fyrir þá, sem aðstoðar leita, t.d. með bréfaskrifum.

Vakthafandi lögmennt fylla út skýrslur eftir hver viðtal og er þannig hægt að safna saman tölfraðilegum upplýsingum um það hvaða hópar fólks helst leita aðstoðar og um hvað fyrirspurnir þess snúast. Tekið skal fram hér að þess er ekki krafist að fólk gefi upp nafn sitt, þegar það pantar viðtalstíma. Þá eru heldur ekki gefin upp nöfn vakthafandi lögmannna hverju sinni. Nafnleyndin gengur því í báðar áttir.

Á þeim tíma, sem Lögmannavaktin í Reykjavík hefur verið starfrækt, hafa um 660 manns leitað þar lögfræðiráðgjafar. Ívið fleiri konur en karlar hafa komið á vaktina, en munurinn er ekki mikill. Af einstökum málaflökkum hafa flest viðtölin snúist um skaðabótamál, en skammt þar á eftir koma fyrirspurnir um hjónaskilnaði og sambúðarslit, því næst um fasteignir og síðan um greiðsluferleika og skuldaskil. Einnig hefur töluvert verið spurt um

forsjarmál, erfðamál, dánarbús- eða gjaldþrotaskipti, refsímál og stjórn- sýslu. Skiptingin eftir málaflökkum er annars þessi:

Aðför/Nauðungasala	19
Almannatryggingar	7
Dánarbússkipti/gjaldþr.skipti	30
Erfðamál	35
Fasteignir	80
Fjárskipti milli hjóna	29
Forsjarmál	36
Greiðsluferleik, skuldaskil	70
Grenndarréttur	15
Hjónaskiln./sambúðarsl.	80
Hjúskaparmál að ö.l.	17
Húsaleiga	14
Neytendamál	12
Óskráð sambúð	12
Ráðningarsamn./vinnuréttur	24
Refsímál	35
Skaðabótamál	84
Skattamál	16
Stjórnvöld	31
Vátryggingamál	15
Viðhalds- og viðgerðars.	5
Þjónustusamningar	5
Annað	110

Reynt hefur verið að flokka þá, sem leita til Lögmannavaktarinnar, eftir starfsheitum, en skipting milli einstakra starfsheita er þannig:

Atvinnulausir	51
Atv.rekendur/sjálfst.starfandi	18
Heilbrigðisstéttir	33
Iðnaðarmenn	51
Húsmæður	56
Nemar	43
Opinberir starfsmenn	37
Sérfræðingar	34
Verkamenn/sjómenn	89
Verslunar-/skrifstofufólk	64
Örorku-/lífeyrisþegar	39
Annað	55

Niðurstaðan í viðtölunum hefur oftast verið metin þannig að máli

hafi lokið með ráðgjöfinni, 279 sinnum, en í 247 skipti hefur fólk verið ráðlagt að leita lögmannsaðstoðar og í 60 skipti að leita til stjórnvalda eða umboðsmanns Alþingis. Í upphafi töldu sumir að svokallaðir kverúlantar myndu þyrpast í viðtöl á Lögmannavaktinni. Reynsla þeirra lögmannna, sem staðið hafa vaktina, er þó allt önnur. Telja flestir að þeir, sem leitað hafa lögfræðiráðgjafarinnar, hafi vissulega haft fulla ástæðu til að leita upplýsinga og ráðgjafar um málefni það, er viðtalið snerist um.

Alls eru 50 lögmennt skráðir á Lögmannavaktarlistann í Reykjavík og eru að jafnaði tveir lögmennt á hverri vakt. **MM**

Lögmannavakt á Akureyri og í Hafnarfirði

Vorið 1994 var komið á fót lögmannavakt á Akureyri og taka flestir lögmennt bæjarins þátt í þeirri starfsemi. Veturinn 1994-1995 fór aðsókn á vaktina minnkandi, eftir því sem á leið tímabilið og leiddi það til umræðu um hvort leggja ætti vaktina niður. Niðurstaðan varð sú að halda starfseminni áfram, á tveggja vikna fresti í stað vikulegra viðtalstíma. Á síðasta vetri varð aðsóknin mjög góð, en ekki liggja fyrir tölur um skiptingu í málaflökka o.fl.

Þá má geta þess hér að lögmennt í Hafnarfirði hafa hug á því að stofna til lögmannavaktar þar í bæ. Verður sú starfsemi væntanlega í samstarfi við sóknarpresta bæjarins, eins og er um lögmannavaktina á Akureyri. Er þess að vænta að lögmannavaktin í Hafnarfirði byrji um eða eftir mánaðamótin september/október, en um svipað leyti hefst starfsemin á Akureyri einnig.

Magnús Ingi Erlingsson, bdl.

Framhaldsnám í Danmörku


Eftir útskrift úr lagadeildinni blundaði í mér og konu minni að hleypa heimdragnum og fara í framhaldsnám erlendis. Við hvíldum hugmyndina og helltum okkur bæði í vinnu. Eftir þrjú ár á vinnumarkaði tókum við upp þráðinn að nýju og skelltum okkur til Danmerkur - Jótlands. Valið var auðvelt, háskólinn í Árósum hefur getið af sér gott orð - við þekktum hér Íslendinga sem líkaði vel og allt er sneri að börnunum, dagheimili og skólamáli, var og er til fyrirmyndar.

Úrval námsgreina hér við skólann er mikið og allir lögmennt og lögfræðingar ættu að finna eitthvað við sitt hæfi, hvort sem menn vilja sérhæfa sig eða auka almennt við þekkinguna á ýmsum sviðum lögfræðinnar. Ég tel að námið nýtist íslenskum lögmonnum vel síðar í starfi, þar sem við sækjum svo margt til laga-smíðu Dana. Í boði eru fjölbreytt námskeið í alþjóðarétti, einkarétti og opinberum rétti.

Árósar, stærsta borg Jótlands, var stofnuð á níundu öld af víkingum og búa nú í borginni um 270.000 manns. Borgin er staðsett á austurströndinni og er hún iðnaðar-, menntunar- og menningarmiðstöð Jótlands og vex ört. Háskólinn er næst stærsti og næst elsti háskóli Danmerkur á eftir Kaupmannahafnarháskóla. Árósarháskóli var stofnaður árið 1928 en lagadeildin árið 1936. Í dag stunda 2.200 nemandur lagánám við skólann.

Námsleiðir

Um nokkrar leiðir er að velja fyrir lögmennt, sem vilja leggja stund á nám við skólann. Almennt er lagánámið byggt þannig upp fyrir danska laganema, að þeir leggja stund á skyldufög í þrjú ár og ljúka B.A.-gráðu. Getu þeir með henni haldið áfram og valið sérög í tvö



Magnús Ingi Erlingsson, bdl.

lagaráðu er síðan hægt að vinna í Danmörku sem lögfræðingur eða fulltrúi eða lögmaður, ef menn standast prófmál eða fullnægja með öðrum hætti skilyrðum þar að lútandi.

Tvönn konar doktorsnám er í boði, þ.e. Ph.D. (lic.jur.) og dr.jur.

Fög í boði

Dæmi um fög, sem í boði eru við skólann næsta námsár, eru:

Fög kennd á ensku:

Samanburðarviðskiptalöggjöf; danska lagakerfið - kynning; evrópskur samkeppnisréttur; innri markaður Evrópusambandsins; alþjóðlegur verslunarréttur; lagakerfi Norður-Ameríku - kynning; ábyrgð framleiðanda - samanburðarlögfræði.

Fög kennd á dönsku:

Umhverfisréttur; mannréttindi - Mannréttindasáttmáli Evrópu; innflytjenda- og flóttalöggjöf; löggjöf um sveitarfélög; félagslöggjöf; fasteignaréttur; bætur vegna líkamstjóns; löggjöf og tölvur; verksamningaréttur; neytendalöggjöf; tryggingalöggjöf; fjölmiðlaréttur; markaðsréttur; félagaréttur; flutningaréttur; uppboðsréttur; gjaldþrotaréttur; fórnarlömb og vitni; opinbert réttarfar; refsiréttur I og II; lög-gæsla og löggæslulöggjöf; sakfræði; Rómarréttur.

Þetta er aðeins lítið brot af því sem í boði er þannig að af nógu er að taka.

Kennsla og próf

Kennslan fer fram í formi fyrirlestra á dönsku í flestum tilvikum en nokkrir áfangar eru kenndir á ensku (sjá hér dæmi að ofan). Þátttaka nemenda er mismikil í kennslunni og fer það nokkuð eftir kennurum. Í flestum tilvikum sitja nem-

endur og skrifa glósur. Það hefur vakið athygli mína hvað algengt er að starfandi lögmönnum er falinn stór þáttur kennslunnar. Sem dæmi má nefna að í þeim þremur fögum, sem ég stundaði nám í, sáu lögmenn um alla kennslu, nema í einu fagi, þar sem lögmaður og kennari skiptu með sér verkum.

Hver önn stendur yfir í hálfan vetur og lýkur með munnlegum prófum. Yfirleitt liggja prófspurningar fyrir nokkru áður en prófið

Það hefur vakið athygli mína hvað algengt er að starfandi lögmönnum er falinn stór þáttur kennslunnar.

er tekið og spanna þær oftast allt námsefnið. Prófið er yfirleitt munnlegt og stendur það yfir í 20 mínút-

ur með 5 mínútna undirbúningi og liggur einkunn fyrir þegar eftir próflok.

Hægt er að sjá nýjustu upplýsingar um nám í boði á Internetinu, á heimasíðunni <http://www.law.aau.dk>. Upplýsingar um skólann má finna þar einnig: <http://www.aau.dk>.

Frekari upplýsingar má fá með því að hringja eða skrifa til: Det juridiske Studienævn Bartholins Allé, byg. 340, 8000 Arhus C Danmörk Sími: 0045-8942-1386.

Ofangreindar upplýsingar eru um lagadeild Árósrháskóla. Lagadeildin við Kaupmannahafnarháskóla er byggð upp á sama hátt en þar kunna að vera í boði önnur námskeið og áherslur kunna að vera með öðrum hætti en við Árósrháskóla.

Gunnar Thoroddsen, bdl.

Alþingistíðindin á Internetinu


Flestum lögmönnum er eflast orðið kunnugt um þann möguleika sem nú býðst að lesa Alþingistíðindin af tölvu í gegnum Internetið. Til þess þarf auðvitað að kaupa aðgang að Internetinu, en þegar virðist nokkur fjöldi lögmanna hafa komið sér upp slíkum tengingum. Hins vegar hefur heyrst að erfiðlega gangi hjá sumum að nýta þessa möguleika og seinlegt sé og flókið að leita eftir einstökum efnum í upplýsingakerfi Alþingis. Það er þess vegna sem mér datt í hug að skrifa nokkrar línur til þess að auðvelda þessum notendum leitina. Það er alls ekki ætlunin að gera leitinni tæmandi skil enda engin sérstök þörf á og yrði allt of langt mál. Hér verður því aðeins sagt frá því hvernig best er að leita að þingskjölum, sem tengjast ákveðnum lögum annars vegar og svo hins vegar hvernig leitað er að skjölum eftir efnisorðum.

Gagnagrunnur upplýsingakerfis Alþingis hefur, samkvæmt því sem sagt er á heimasíðunni, að geyma texta frá og með 111. löggjafarþinginu, 1988-1989, en heiti mála, flutningsmenn, efnisorð o.fl. hefur að mestu verið skráð í gagnagrunninn aftur til 100. löggjafarþingsins og finnst undir efnisatriðaleit. Þá segir einnig að stefnt sé að því að setja ný þingskjöl í A-hluta Alþingistíðinda inn í upplýsingakerfið strax eftir útbýtingu, en þau verði í versta falli aðgengileg um svipað leyti og þau koma út í prentuðu formi.

Þegar húið er að hringja inn á Internetið er byrjað á því að finna heimasíðu Alþingis, en hún hefur slóðina „<http://www.althingi.is>“. Þegar þangað er komið er valinn hnappurinn: „Þingmál“ (slóðin <http://www.althingi.is/~wwwadm/thingmal.html>). Þá blasa við nokkrir leitarmöguleikar sem vísa í sérstakar leitarmyndir:

- Þingmál sem tengjast þingskjölum (A-mál) og önnur mál (B-mál)
- Málaleit eftir efnisatriðum, skoða efnisorð
- Orðaleit í ræðum og skjölum skoða orðmyndir
- Atkvæðagreiðsluuppflettingar
- Mælendaskrá: eftir málum, eftir þingmönnum
- Dagskrá: síðasta fundar, næsta fundar, fletta

Ef leita á að þingskjölum, sem tengjast ákveðnum lögum, sem gefin hafa verið Stjórnartíðindanúmer er farið í leitarmyndina „uppfletting þingmála og skjala“ með því að benda á „þingmál sem tengjast þingskjölum“. Þá kemur upp leitarmynd þar sem gefnir eru



Gunnar Thoroddsen, bdl

ýmsir möguleikar. Ofarlega á myndinni er eyða, þar sem tilgreina verður löggjafarþing sem leitin á að taka til. Ef aðeins er settur einn punktur (sem sjálfgefinn er í leitarvindu í upphafi) er aðeins leitað í síðasta þingi. Leita má í mörgum þingum í einu með því að nefna fyrsta og síðasta löggjafarþingið sem leita á í, en hafa tvo punkta á milli, t.d.

„112..117“. Ef leitarvindið er autt (punkturinn þurrkaður út) á að vera leitað í öllum þingum, sem skráð eru. Þó virðist það alls ekki virka alltaf og er öruggast, ef leita á í öllum þingum, að tilgreina tímabil, sem tekur til allra þinga, t.d. „99..122“, sem merkir þá 99. til 122. þings. Þegar löggjafarþingið hefur verið afmarkað er farið neðar í myndina í eyðuna „stjórnartíðindanr.“ og skráð inn númer laganna með skástriki (/) á milli númers og árs, t.d. „50/1993“. Svo er aftur farið efst í leitarmyndina og bent á „Hefja leit“. Þá birtist listi yfir skjöl A-deildar sem tengjast viðkomandi lögum.

Þegar leitað er eftir atriðisorðum er hins vegar best að fara í leitarmyndina „orðaleit í ræðum og skjölum“. Þar gildir það sama, að mikilvægt er að gleyma ekki að tilgreina löggjafarþingið eða þingin sem leita á í. Efnisorðin er síðan hægt að takmarka og afmarka ítarlega til þess að fá sem skýrasta niðurstöðu. Þegar efnisorðið eða orðin hafa verið slegin inn er valið hvort leita eigi í ræðum eða þingskjölum. Því næst birtist listi yfir viðeigandi skjöl, sem svo er hægt að kalla fram með því að benda á þau. Skjölin eða niðurstöður leitarinnar og reyndar hvað annað sem finnst á Internetinu er svo auðvitað hægt að prenta út á venjulegan prentara.

Ýmsir fleiri gagnlegir möguleikar eru til leitar í upplýsingakerfi Alþingis. Þótt gagnagrunnurinn geymi aðeins upplýsingar tiltölulega fá ár aftur í tímann, er þetta mikil bót og verulegt hagræði að geta nálgast þingskjöl og annað úr Alþingistíðindum með þessum hætti. Þar við bætist að mikill tími getur sparast við það að að geta afritað textann yfir í ræður eða annað efni sem unnið er að í ritvinnslu. Því ber að fagna þessu frábæra framtaki skrifstofu Alþingis.

Frá ritstjóra og ritnefnd:

Aðsendar greinar

Félagsmenn eru hvattir til að rita í blaðið greinar, langar eða stuttar, um hugðarefni sín er tengjast störfum lögmanna. Til að auðvelda vinnslu blaðsins væri æskilegt að aðsendar greinar kæmu bæði prentuðu formi og á tölvudiskum, t.d. í Word eða Word-Perfect ritvinnsluformi. Þá þarf helst ljósmynd af greinarhöfundum að fylgja.

Breytingar á félagatali

Á félagatalinu hafa orðið eftirfarandi breytingar frá útgáfu síðasta tölublaðs:

Eldri leyfi leyst út:

Jón L. Arnalds, hrl., Sólvallagötu 48, sími 552-0559, bréfsími 551-1333.

Jónas A.P. Jónsson, hdl. - Hafnargötu 28, 710 Seyðisfirði, sími 472-1195, bréfsími 472-1495.

Þorbjörg I. Jónsdóttir, hdl., Háholt 14, Mosfellsbæ, sími 566-8530, bréfsími 566-8532.

Innlagning málflytninguleysis:

Heiða Gestsdóttir, hdl.
Kolbrún Sævarsdóttir, hdl.
Sesselja Jónsdóttir, hdl.
Sigmundur Böðvarsson, hdl.

Látnir félagsmenn:

Baldvin Jónsson, hrl.

Breytingar á heimilisföngum, símanúmerum o.fl.:

Baldvin Björn Haraldsson, hdl. - Depluhólar 9, sími 557-3178, bréfsími 557-3178.

Bjarni Ásgeirsson, hrl. - Reykjavíkurvegur 60, Hf., sími 565-5155, bréfsími 565-4744.

Einar S. Ingólfsson, hdl. - Ármúli 5, sími og bréfsími óbreyttur.

Einar Gautur Steingrímsson, hdl. - netfang: gautur@mmedia.is.

Gissur V. Kristjánsson, hdl. - Smáragata 2, sími 551-5590, bréfsími 551-5590.

Margeir Pétursson, hdl. - netfang: margeir@centrum.is.

Ólafur Þoroddsen, hdl. - Fálkagata 14, sími 552-0841, bréfsími 552-0841.

Simon Ólason, hdl. - bréfsími 562-2613.

Löglærðir fulltrúar:

Hlynur Jónsson, cand.jur. - fulltrúi hjá Einari Gauti Steingrímssyni, hdl.

Jónína S. Lárusdóttir, cand.jur. - fulltrúi hjá A&P Lögmönnum s.f.

Leiðrétting:

Í síðasta tölublaði birtist sú meinlega villa að Valborg Kjartansdóttir, hdl., var sögð hafa flutt starfsstofu sína að Suðurlandsbraut 18. Hið rétta er að það var nafna hennar, Valborg Þ. Snævarr, hdl., sem flutti sig um set. Valborg Kjartansdóttir situr sem fastast á Skólavörðustíg 16. Eru þær nöfnur beðnar velvirðingar á þessum mistökum.

Heimasíður á Interneti

Margir lögmenn eru nýbúnir að fá sér aðgang að Internetinu eða eru um það bil að afla sér slíks aðgangs. Auk þess að nota tölvupóst fysir vafalaust marga að "brima" á netinu, skoða forvitnilegar heimasíður og afla sér gagna og upplýsinga í leik og starfi. Fjöldi heimasíðna er hins vegar gífurlegur og e.t.v. vefst það fyrir sumum hvar hægt sé að nálgast upplýsingarnar. Til að auðvelda þeim notkun netsins, sem skamma reynslu hafa enn af því, er hér birtur listi yfir áhugaverðar heimasíður, sem þeir geta skoðað og e.t.v. haft gagn af. Ætlunin er að birta listann oftar, með viðbótarupplýsingum hverju sinni. Það væri vel þegið ef lögmenn létu vita af áhugaverðum heimasíðum, sem þeir hafa rekist á og sem telja má að fengur væri í fyrir starfssystkini þeirra.

Advokatsamfundet (danska lögmannafélagið)
<http://www.advocom.dk>

ADVOWEB: Danske Advokater på World Wide Web
<http://www.araneum.dk/advoweb/>

Alþingi
<http://www.althingi.is/>

Bóksala stúdenta
<http://www.centrum.is/unibooks/>

EES-samningurinn (á norsku)
<http://www.uio.no/offentlig/eos/index-2.html>

EUROPA (vefþjónn Evrópusambandsins)
<http://europa.eu.int>

Evrópusambandið (EU Internet Resources)
<http://www.lib.berkeley.edu/GSSI/eu.html>

Fasteignamat ríkisins
<http://www.fmr.is/>

***Findlaw: Internet Legal Resources**
<http://www.findlaw.com>

Fyrirtækjavefurinn
<http://www.mmedia.is/notes/fv/fv.html>

GATT-samningurinn (texti samningsins)
<http://ananse.irc.uit.no.80/44/trade/gatt/>
eða
http://ananse.irc.uit.no/trade_law/gatt/nav/toc.html

Hagstofa Íslands
<http://eldur.stjr.is/hagstofa/>

Innheimtupjónsta erlendis (Intrum Justitia)
<http://www.intrum.com/>

Íslensk netfangaskrá
<http://spuni.midlun.is/netfang/>

***Lawlinks**
<http://lawlinks.com/lawlinks.html>

Lov Data, Noregi
<http://digdur.lovdata.no/>

***Lögfræðisíða Skímu**
<http://www.skima.is/ymisl/logfr.htm>

Maastrichtsáttmálinn (texti sáttmálans)
<http://www.cec.lu/en/record/mt/top.html>

Martindale-Hubble útgáfufyrirtækið
<http://www.martindale.com>

Menntamálaráðuneytið
<http://www.ismennt.is/opi/mrn/>

Norges LoWWWer
<http://omni.uio.no/nl/nl.html>

Réttarríkið
<http://www.adgengi.is/adgengi/gagnasid.htm>

Rómarsáttmálinn (texti sáttmálans)
<http://www.tufts.edu/departments/fletcher/multi/texts/BH343.txt>
eða
<http://www.uio.no/offentlig/roma-avtalen/1.INNLED-NI.html>

Skýrr
<http://www.skyrr.is/>

Úrlausn-Aðgengi ehf
<http://www.adgengi.is>

*Eins og fyrr segir er fjöldi heimasíðna gífurlegur. Því hafa verið myndaðar eins konar tengisíður, þar sem á einum stað er hægt að finna margar heimasíður er tengjast ákveðnu efni, t.d. lögfræði, lögmannafélögum, lögfræðistofum o.s.frv. Þær síður hér að ofan, sem merktar eru með stjörnu, eru einmitt dæmi um slíkar tengisíður.

ÁBENDING

Þeir lögfræðingar, sem leita upplýsinga á Internetinu, eru væntanlega í flestum tilvikum í textaleit og þurfa því ekki á því að halda að fá myndefni á skjáinn hjá sér. Þeim, sem ekki vita það nú þegar, má benda á að hægt er að sleppa myndunum og fá einungis textann á skjáinn. Í aðalvalmyndinni er farið í Options og valmöguleikinn Auto Load Images gerður óvirkur. Við þetta eykst hraðinn í textaleitinni verulega. Þessi möguleiki kemur sér mjög vel fyrir þá sem hafa tiltölulega hæggengar tölvur, t.d. með 386-örgjörva.

NÁMSKEIÐ á vegum fræðslunefndar L.M.F.Í. haustið 1996

Eftirtalin námskeið verða haldin á vegum fræðslunefndar L.M.F.Í. í haust:

24. og 26. september	Verksamningar.
30. sept. - 1. október	Internet fyrir lögfræðinga.
4., 11. og 18. október	Ritarar á lögmannastofum.
7., 8. og 10. október	Skattaréttur I.
26. október	Réttargæslustörf lögmanna, haldið á Akureyri.
28., 29. og 31. október	Hlutafélagaréttur.
18.-19. nóvember	Skattaréttur II.
25.-26. nóvember	Starfsreglur lögmanna o.fl.
28. nóvember	Skattaréttur III.
2.-3. desember	Munnlegur máflutningur.
9. desember	Réttargæslustörf lögmanna.

Sjá nánar um lýsingu einstakra námskeiða, staðsetningu þeirra, skráningu o.fl. annars staðar í blaðinu.

Verksamningar námskeið 24. og 26. september 1996

Fræðslunefnd L.M.F.Í. heldur námskeið um verksamninga nú í september. Markmið námskeiðsins er að fara í gegn um feril verksamninga, allt frá því að undirbúningur er hafinn um að bjóða verk út og til verkloka. Lögð verður áhersla á að kynna fyrir þátttakendum þau fjölmörgu álitæfni, sem upp koma í ferlinum og sem hafa orðið til efni deilna milli samningsaðila og jafnvel málaferla.

Fyrir hverja:

Lögmenn og aðra lögfræðinga.

Umsjón:

Umsjón með námskeiðinu hafa Othar Örn Petersen, hrl. og Þorvaldur Jóhannesson, hdl.

Staðsetning, dagsetning, tími, þáttökugjald:

Námskeiðið verður haldið í kennslusalnum í húsnæði L.M.F.Í. að Álftamýri 9, dagana 24. og 26. september n.k., frá kl. 16-19 báða dagana. Þáttökugjald er kr. 5.800.

Dagskrá námskeiðsins er nánar þannig:

1. Útboð verka - lög um útboð, undirbúningur.
2. Opnun tilboða, val verktaka.
3. Samningaviðræður, samningagerðin.
4. Verktíminn - verkframkvæmdir.
5. Lok verksamnings, aukaverk, úttektir.
6. Vanefndaúrræði, lausn ágreiningsmála.

Skráning fer fram á skrifstofu L.M.F.Í., í síma 568-5620 eða bréfsíma 568-7057.

Internet-námskeið fyrir lögfræðinga 30. september - 1. október

Námskeið um Internet verður haldið á vegum fræðslunefndar L.M.F.Í., í samvinnu við Tölvu- og verkfræðiþjónustuna h.f., dagana 30. september - 1. október n.k. Námskeiðið verður þannig upp byggt:

- ▶ almenn kynning á Internetinu, uppbygging þess, hættur sem stafa af notkun Internetsins o.s.frv.;
- ▶ hvaða búnað þarf til að tengjast, hjá hverjum er hægt að tengjast, kostnaður o.fl.;
- ▶ leit í gagnaböndum, innlendum sem erlendum (mikil áhersla verður lögð á þennan þátt í notkun Internetsins og m.a. kennt hvernig leita má að upplýsingum með „stikkorðum“, hvernig hægt er að ná í texta og flytja á milli og prenta út o.s.frv.);
- ▶ notkun tölvupósts (m.a. er kennt hvernig hægt er að senda eða taka á móti skjölum til yfirlestrar og lagfæringa en slík vinnubrögð geta oft sparað mikinn tíma og fyrirhöfn í störfum lögmanna);
- ▶ kynnt gerð heimasíða.

Námskeiðið verður haldið í húsnæði Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar h.f. að Grensásvegi 16 og stendur í 3 tíma hvorn dag, frá kl. 16-19 báða dagana. Þátttaka tilkynnist til Tölvu- og verkfræðiþjónustunnar í síma 568-8090 eða bréfsíma 568-8383.

Ítarleg námskeiðsgögn fylgja. Eftir að námskeiðinu lýkur eiga þátttakendur kost á því að hringja í Tölvu- og verkfræðiþjónustuna h.f. og leita ráðlegginga hjá starfsfólki þar um notkun Internetsins.

Námskeiðsgjaldið er kr. 5.500. Þátttaka takmarkast við 14 manns.

Námskeið fyrir ritara á lögmannastofum 4., 11. og 18. október 1996

Haldið verður sérstakt námskeið fyrir ritara á lögmannsstofum í október en fyrsta námskeiðið af þessu tagi, sem haldið var í vor, tókst mjög vel og komust færri að en vildu. Markmið námskeiðsins er að gefa ólöglærðu starfsfólki kost á fræðslu um ýmis lögfræðileg hugtök, sem koma fyrir í daglegu starfi þeirra, uppbyggingu réttarkerfisins, ferli mála sem rekin eru fyrir dómstólum og stjórnvöldum, hlutverk lögmannna og skyldur o.s.frv. Með þátttöku á slíku námskeiði gefst ólöglærðum starfsmönnum kostur á betri innsýn og skilningi á þeim verkefnum, sem unnið er að daglega.

Umsjón:

Umsjón með námskeiðinu hefur Lára V. Júlíusdóttir, hdl.

Staðsetning, dagsetning, tími, þáttökugjald.

Námskeiðið verður haldið í kennslusalnum í húsnæði L.M.F.Í. að Álftamýri 9, þrjá föstudaga í röð, 4., 11. og 18. október, frá kl. 13-16. Þáttökugjald er kr. 7.000.

Dagskrá námskeiðsins er í stórum dráttum þannig:

1. dagur. Grundvallaratriði hins íslenska réttarkerfis. - Dómstólar.
2. dagur. Dómstólar (frh.) - Stjórnsýsla. Hlutverk sýslumanna.
3. dagur. Hlutverk lögmannna. - Meginþættir samninga- og kröfuréttar.

Skráning fer fram á skrifstofu L.M.F.Í., í síma 568-5620 eða bréfsíma 568-7057. Þeir, sem voru á biðlista eftir námskeiðið í vor, eru vinsamlegast beðnir að skrá sig að nýju.

Skattaréttur I-III

Töluverð umræða hefur verið undanfarið meðal lögfræðinga, þ. á m. lögmannna, um það, hvort ekki sé rétt að þeir reyni meira en nú er að hasla sér völl á sviði skattaréttarins. Er það skoðun margra að á þessu réttarsviði séu fjölmörg verkefni, sem eðlilegt sé að lögmennt sinni, vegna þeirrar þekkingar sem þeir hafi við uppbyggingu og mótun kröfugerðar og reksturs mála fyrir stjórnvöldum og dómstólum. Lögmennirnir hafi þá nauðsynlegu fjarlægð frá málefnum skjólstæðinganna til að geta veitt þeim hlutlausu ráðgjöf þegar taka þarf t.d. ákvörðun um hvort kæra skuli tiltekna skattálagningu eða ekki. Ekki sé þar með verið að stofna til átaka við aðrar stéttir, sem veita ráðgjöf á þessu sviði, heldur sé eðlilegt að myndist ákveðin verkaskipting milli lögmannna og t.d. endurskoðenda um ráðgjöf til einstaklinga og fyrirtækja á sviði skattaréttarins.

Til að koma til móts við þessi sjónarmið hefur fræðslunefnd ákveðið að bjóða lögmonnum og öðrum lögfræðingum upp á þrjú námskeið á sviði skattaréttarins nú í haust. Um er að ræða námskeið um skattahugtakið og tekjuskatt einstaklinga og hjóna (skattaréttur I), tekjuskatt fyrirtækja (skattaréttur II) og síðast um skatteftirlit og skattrannsóknir (skattaréttur III). Hér fer á eftir stutt lýsing á hverju námskeiði fyrir sig.

Skattaréttur I

Efni: Skattahugtakið. Tekjuskattur einstaklinga og hjóna.

Markmið: Að kenna mönnum að greina á milli skatta og annarra greiðslna til hins opinbera. Að gera mönnum kleift að telja fram til skatts fyrir sjálfa sig og aðra, auðvelda þeim að skilja álagningu sína og kenna þeim að kæra skattákvörðun, telji þeir álagningu sína ranga.

Fyrir hverja: Lögmenn og aðra lögfræðinga.

Umsjón:

Umsjón með námskeiðinu hefur Ásmundur G. Vilhjálmsson, lögfræðingur, sem stundað hefur framhaldsnám í skattarétti í Danmörku og Svíþjóð, starfað hjá embætti ríkisskattstjóra og nú síðast ritað ítarlegt rit (í fjórum bindum) um skattarétt.

Staðsetning, dagsetning, tími, þáttökugjald:

Námskeiðið verður haldið í kennslusalnum í húsnæði L.M.F.Í. að Álftamýri 9, dagana 7., 8. og 10. október n.k., frá kl. 16-19 alla dagana. Þáttökugjald er kr. 8.000.

Dagskrá námskeiðsins er nánar þannig:

Skattahugtakið.

Lög um tekju- og eignarskatt, skattskyldar tekjur.

Skattskyldir aðilar, full skattskylda og takmörkuð skattskylda.

Álagning skatta á einstaklinga, hjón og sambúðarfólk.

Afslættir og bætur.

Skattyfirvöld. Réttarfar í skattamálum, helstu meginreglur.

Kæra skattákvörðunar, kæruúrskurður skattstjóra, málskot til yfirkattaneftndar, málsmeðferð.

Ábyrgð á skattskuldum, innheimta vangreiddra skatta.

Skattaréttur II

Efni: Tekjuskattur atvinnurekenda.

Markmið: Að gefa mönnum innsýn í skattlagningu fyrirtækja svo að auðveldara verði fyrir þá að veita fyrirtækjum ráðgjöf í skattamálum og aðstoða þau í sambandi við kæru skattákvörðunar og/eða málflytning í skattamálum fyrir dómstólum.

Fyrir hverja: Lögmenn og aðra lögfræðinga, sem starfa að skattamálum og stunda fyrirtækja- og/eða skattaráðgjöf.

Umsjón:

Umsjón með námskeiðinu hefur Ásmundur G. Vilhjálmsson, lögfræðingur.

Staðsetning, dagsetning, tími, þáttökugjald:

Námskeiðið verður haldið í kennslusalnum í húsnæði L.M.F.Í. að Álftamýri 9, dagana 18. og 19. nóvember n.k., frá kl. 16-19 báða dagana. Þáttökugjald er kr. 5.800.

Dagskrá námskeiðsins er nánar þannig:

Hugtakið atvinnurekandi og afmörkun þess gagnvart hugtakinu launþegi.

Hvenær telst atvinnurekstur hafinn? Helstu tekjur af atvinnurekstri.

Frádráttur frá atvinnurekstrartekjum.

Hin ýmsu atvinnurekstrarform: einstaklingsatvinnurekstur og félagarekstur. Upphaf og lok skattskyldu.

Uppgjör tekjuskattsstofns atvinnufyrirtækja. Helstu meginreglur um fyrirtækjaskattlagningu. Ein- og/eða tvískattlagning fyrirtækjahagnaðar.

Skattlagning fyrirtækja og eigenda vegna úttektar úr rekstri. Dánarbú og þrotabú.

Skattaréttur III

Efni: Skatteftirlit og skattrannsóknir. Viðurlög við skattalagabrotum.

Markmið: Að kynna þær reglur, sem gilda um skatteftirlit og skattrannsóknir, heimildir skattyfirvalda til endurákvörðunar á sköttum aðila o.fl.

Fyrir hverja: Lögmenn og aðra lögfræðinga.

Umsjón:

Umsjón með námskeiðinu hefur Ásmundur G. Vilhjálmsson, lögfræðingur.

Staðsetning, dagsetning, tími, þáttökugjald:

Námskeiðið verður haldið í kennslusalnum í húsnæði L.M.F.Í. að Álftamýri 9, dagana 28. nóvember n.k., frá kl. 16-19. Þáttökugjald er kr. 3.800.

Dagskrá námskeiðsins er nánar þannig:

Skattaftirlit, endurákvörðun skatta, málsmeðferð, tímatakörk.

Skattrannsóknir skattrannsóknarstjóra ríkisins.

Viðurlög við skattalagabrotum.

Skráning á öll skattaréttarnámskeiðin fer fram á skrifstofu L.M.F.Í., í síma 568-5620 eða bréfsíma 568-7057.

Námskeið um réttargæslustörf lögmannna o.fl. á Akureyri 26. október og í Reykjavík 9. desember 1996

Fræðslunefnd L.M.F.Í. heldur í haust námskeið um réttargæslustörf lögmannna og einnig að nokkru um varnir í opinberum málum. Á námskeiðinu verður fjallað um skyldur lögmannna gagnvart skjólstæðingum sínum og samskipti lögmannna við rannsóknaraðila opinberra mála. Námskeið þetta var haldið haustið 1994 og haustið 1995 (þá tvisvar) og var mjög vel sótt.

Fyrir hverja: Lögmenn og aðra lögfræðinga, sem starfa að réttargæslustörfum eða rannsókn opinberra mála.

Umsjón:

Umsjón með námskeiðinu hafa Jón H.B. Snorrason, deildarstjóri hjá RLR og Páll Arnór Pálsson, hrl.

Staðsetning, dagsetning, tími, þáttökugjald:

Námskeið þetta verður haldið tvisvar sinnum í haust, þar af einu sinni á Akureyri. Með því er fræðslunefnd að reyna að koma til móts við lögmenn á landsbyggðinni (a.m.k. þar sem þeir eru flestir) og gera þeim kleift að sækja námskeið í sinni heimabyggð. Námskeiðið á Akureyri verður haldið laugardaginn 26. október en nánar verður auglýst um húsnæðið síðar.

Námskeiðið í Reykjavík verður haldið í kennslusalnum í húsnæði L.M.F.Í. að Álftamýri 9, mánudaginn 9. desember n.k., frá kl. 16-19. Þáttökugjald er kr. 3.800.

Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um eftirtalin atriði:

1. Hugtakið réttargæslumaður - verjandi.
2. VI. kafli OML - Hlutverk verjanda skv. lögum.
3. Tilnefning réttargæslumanns.
4. Skipun verjanda.
5. Ferill rannsóknar og framgangur máls á rannsóknarstigi.
6. Upphaf skýrslutöku.
7. Fyrirtökur hjá lögreglu.
8. Aðrar aðgerðir lögreglu.
9. Fyrirtaka í dómi.
10. Úrskurðir.
11. Kæra.
12. Gæsluvarðhaldsvist.
13. Lok rannsóknar.
14. Vinnuskýrslur.

Skráning fer fram á skrifstofu L.M.F.Í., í síma 568-5620 eða bréfsíma 568-7057.

Námskeið um hlutafélög og einkahlutafélög 28., 29. og 31. október 1996

Haldið verður námskeið í október um hlutafélög og einkahlutafélög, en tilefnið eru umfangsmiklar breytingar, sem orðið hafa á hlutafélagalöggjöfni nýverið. Markmiðið með námskeiðinu er að fá hagnýta umfjöllun um muninn á hlutafélögum og einkahlutafélögum, hlutverk Hlutafélagaskrárinnar og starfsemi, stjórnun hlutafélaga, valdsvið hluthafafunda og stjórna hlutafélaga, hluthafasamkomulög, hækkun hlutafjár, sameiningu hlutafélaga o.fl.

Fyrir hverja: Lögmenn og aðra lögfræðinga.

Umsjón:

Umsjón með námskeiðinu hefur Hreinn Loftsson, hrl.

Staðsetning, dagsetning, tími, þáttökugjald:

Námskeiðið verður haldið í kennslusalnum í húsnæði L.M.F.Í. að Álftamýri 9, dagana 28., 29. og 31. október n.k., frá kl. 16-19. Þáttökugjald er kr. 8.000.

Á námskeiðinu verður m.a. fjallað um eftirtalin atriði:

1. Almenn kynning - nýmæli. Einkahlutafélög - hlutafélög.
Hvað er eins - hvað er frábrugðið?
2. Hlutafélagaskrá - hlutverk og starfsemi.
Tilkynningar til hlutafélagaskrár, kærur, kæruleiðir.
3. Valdsvið/umboð einstakra stjórnarstofnana hlutafélags: hluthafafunda, stjórnar, framkvæmdarstjóra, annarra aðila.
4. Hluthafafundur. Fundarstjórn, kosningar.
5. Hluthafasamkomulag og samþykktir.
6. Hækkun hlutafjár - ákvörðun og framkvæmd
7. Ábyrgð stjórnarmanna.
8. Sameining hlutafélaga.

Skráning fer fram á skrifstofu L.M.F.Í. í síma 568-5620 eða bréfsíma 568-7057.

Námskeið um starfsreglur lögmanna o.fl. 25.-26. nóvember 1996

Námskeiðið er aðallega ætlað lögmönnum, sem nýlega hafa fengið útgefin málflytningarsleyfi, svo og lögfræðingum, sem hafa í hyggju að afla sér málflytningarréttinda. Á námskeiðinu verður starfsemi L.M.F.Í. kynnt, fjallað um hlutverk stjórnar félagsins og farið yfir ýmsar þær reglur, t.d. í málflytjendalögum og siðareglum L.M.F.Í., sem gilda um störf lögmanna, réttindi þeirra og skyldur. Einnig verður fjallað um ýmis almennt atriði um þóknun lögmanna.

Umsjón:

Umsjón með námskeiðinu hefur Marteinn Másson, framkv.stj. L.M.F.Í.

Staðsetning, dagsetning, tími, þáttökugjald:

Námskeiðið verður haldið í kennslusalnum í húsnæði L.M.F.Í. að Álftamýri 9, dagana 25.-26. nóvember n.k., frá kl. 16-19. Þáttökugjald er kr. 3.000.

Skráning fer fram á skrifstofu L.M.F.Í., í síma 568-5620 eða bréfsíma 568-7057.

Námskeið um munnlegan málflytning 2.-3. desember 1996

Haldið verður námskeið um munnlegan málflytning í byrjun desember n.k. Námskeið þetta var áður haldið á árunum 1993 og 1994 og þá raunar margendurtekið vegna mikillar aðsóknar. Markmiðið er að gefa ungum lögmönnum og lögfræðingum, sem hyggjast afla sér málflytningarréttinda, tækifæri til að hlýða á fróðleg erindi reyndra málflytningarmanna um samningu málflytningarræðu, málflytninginn sjálfan og ýmis heilræði um hann. Þá verður fjallað um munnlegan málflytning frá sjónarhóli dómara.

Umsjón með námskeiðinu hefur Þórunn Guðmundsdóttir, hrl.

Tími og verð:

Námskeiðið verður haldið 2.-3. desember n.k., í kennslusalnum í húsnæði L.M.F.Í. að Álftamýri 9, kl. 16:00 - 19:00. Þáttökugjald er kr. 5.800.

Skráning fer fram á skrifstofu L.M.F.Í. í síma 568-5620 eða bréfsíma 568-7057.



Keppendur á móttínu ásamt sýslumanni Vestmannaeyja, Georgi Kr. Lárussyni.

Minningarmót um Guðmund Markússon, hrl.

Fyrsta golfmót þessa árs á vegum L.M.F.Í. var haldið föstudaginn 17. maí. Þá var í fyrsta sinn háð minningarmót um Guðmund Markússon, hrl., sem hlotið hefur heitið GUÐMUNDARBIKARINN. Guðmundur var mikill golfáhuga- maður og keppnismaður. Hann var einn af frumkvöðlum golfmóta inn- an L.M.F.Í. og keppni félagsmanna og annarra jurista við golflið ann- arrar háskólamanna. Guðmundur lést eftir erfið veikindi 19. október 1994.

Mótið var haldið á hinum geysi- skemmtilega golfvelli Vestmanna- eyinga í Herjólfssdal, en keppnin er högggleikur með og án forgjafar. Sá hlýtur GUÐMUNDARBIKARINN, sem er farandbikar, sem leikur á fæstum höggum með forgjöf. Veð-



Guðmundur Markússon, hrl.

urguðirnir vildu á þessu fyrsta móti láta virkilega reyna á keppendur, eins og hraun, sjór og aðrar hindranir vallarins væru ekki nóg, og buðu upp á mikla úrkomu og tals- verðan vind. Það voru því 12 kylfingar úr hinum hraustari hópi þeirra í lögfræðingastétt, sem mættu til leiks. Einnig heiðraði sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum,

Georg Kr. Lárussón, mótið og mætti í fullum skrúða og tók fyrsta teighögg - ágætis högg með 7- jarni, sem að vísu sendi boltann óþarflega nærri golfskálanum og starfsmanninum á æfingafloötinni.

Úrslit mótsins urðu þessi:

1. verðlaun: Hjalti Pálmason, cand.jur., 71 nettó (74 brúttó).
2. verðlaun: Valgarður Sigurðsson, hrl., 72 nettó (85 brúttó).
3. verðlaun: Jóhann Pétursson, hdl., 74 nettó (86 brúttó).

Guðni Á. Haraldsson, hrl., hafði umsjón með móttínu. Ólafur Gústafsson, hrl., gaf verðlaun. Móttökur af hálfu golfklúbbs Vestmannaeyja voru til fyrirmyndar.

Golfnefndin

N ý j a s t a f r á M i c r o s o f t



Windows NT 4.0

Fullkomnara stýrikerfi

- ◆ Windows 95 notendaviðmót
- ◆ Fullkomið 32 bita fjölverka stýrikerfi
- ◆ Mikil afkastaaukning
- ◆ Innbyggður internet- og intranetþjónn
- ◆ Enn auðveldari kerfisstjórnun
- ◆ Fjöldi kerfa innbyggð
- ◆ Fyrir netkerfi og öflugari vinnustöðvar

Einsleitt viðmót Microsoft hugbúnaðar tryggir notendum auðveldari aðgang, lækkar þjálfunarkostnað og eykur framleiðni.



<http://www.ejs.is/NT40>

EINAR J. SKÚLASON HF
Grensásvegi 10, sími 563 3000